

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Ár 2015. föstudaginn 18. september, var haldinn 148. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins að Skógarhlíð 14 og hóft hann kl. 8.00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Guðlaug Kristjánsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson. Forföll boðuðu Gunnar Einarsson og Áslaug Hulda Jónsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Ólafur Kristinsson, Sunna Jóhannsdóttir og Inga Björg Hjaltadóttir sátu fundinn undir lið 1. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Endurskoðunarnefnd.
Fulltrúar í endurskoðunarnefnd, Ólafur Kristinsson, Sunna Jóhannsdóttir og Inga Björg Hjaltadóttir, kynntu störf og starfsreglur endurskoðunarnefndar og svöruðu fyrirspurnum.
Afgreiðsla: Kynning.
2. Fyrirtækja- og ársreikningaskrá.
Að ósk Reykjavíkurborgar í kjölfar ábendingar Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar mun SHS skila inn tilkynningum um stjórn eða breytingar á stjórn til fyrirtækja- og ársreikningaskrár RSK héðan í frá.
Eftirfarandi lagt fram:
Tilkynning til fyrirtækja- og ársreikningaskrár RSK um stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 18. september 2015.
Afgreiðsla: Tilkynning til fyrirtækja- og ársreikningaskrár RSK um núverandi stjórn slökkviliðsins og kjör hennar samþykkt og undirrituð af stjórnarmönnum.
3. Sex mánaða uppgjör
Slökkviliðsstjóri lagði fram sex mánaða uppgjör SHS 2015.
Eftirfarandi lagt fram:
Sex mánaða uppgjör SHS, dags. 18. september 2015.
Afgreiðsla: Árshlutauppgjör samþykkt og undirritað.
4. Fjárhagsáætlun 2016-2020
Fjárhagsáætlun fyrir árin 2016-2020 kynnt og lögð fram.
Eftirfarandi lagt fram:
Fjárhagsáætlun SHS 2016-2020, dags. 18. september 2015.
Afgreiðsla: Fjárhagsáætlun samþykkt, með óbreyttum framlögum eigenda. Áætlunin verður endurskoðuð þegar rekstrarúttekt liggur fyrir.
5. Önnur mál
- 5.1 Lagt fram samkomulag um reglubundna vinnu við innri endurskoðun hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. dags 15.09.15.
Afgreiðsla: Til kynningar.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 16. október 2015.

Fundi slitið klukkan 10.00

Fylgiskjöl:

- Tilkynning til fyrirtækja- og ársreikningaskrár RSK um stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 18. september 2015.
- Sex mánaða uppgjör SHS, dags. 18. september 2015.
- Fjárhagsáætlun SHS 2016-2020, dags. 18. september 2015.
- Samkomulag um reglubundna vinnu við innri endurskoðun hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. dags 15.09.15

Dagur B. Eggertsson

Ármann Kr. Ólafsson
Haraldur Sverrisson

Ásgerður Halldórsdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir